

Forsætisráðuneytið
Skrifstofa jafnréttismála
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
for@for.is



Reykjavík, 4. október 2021

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um skýrslu starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa og tillögum að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði

Félagið Femínísk fjármál fagnar skýrslu starfshóps forsætisráðherra um verðmætamati kvennastarfa og þeim tillögum að aðgerðum sem þar eru lagðar fram.

Íslenskur vinnumarkaður enn mjög kynjaskiptur og er það talin megin skýring þess launamunar sem er enn til staðar hér á landi (sjá t.d. [nýútgefna skýrslu Hagstofunnar](#) sem snýr að launamun karla og kvenna). Þó að stórt skref hafi verið tekið með innleiðingu jafnlaunavottunar þá miðar hún einungis að því að tryggja launajafnrétti innan vinnustaða. Vottunin vinnur ekki á verðmætamati ólíkra starfa, en kerfisbundið vanmat á kvennastörfum er grundvallar vandamál sem þarf að leiðrétta til að tryggja jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf (Koskinen Sandberg [2016](#); [2017](#); NIKK [2019](#); Austen o.fl. [2013](#); Grimshaw og Rubery [2007](#)).

Ljóst er að grípa þarf til nýrra aðferða og byggja þær á þeirri þekkingu og reynslu sem liggur fyrir. Það er að mati félagsins Femínísk fjármál einmitt það sem lagt er til í skýrslu starfshóps forsætisráðherra. Það er aðkallandi að fara í vermætamati kvennastétta, meta loks til launa þá eiginleika og hæfni sem svo oft einkenna störf kvennastétta og leiðrétta þannig kjör þeirra stétta sem við höfum byggt velferðarkerfi okkar á. Líklega þykja einhverjum þær hugmyndir að fara í endurmat á virði kvennastétta róttækt eða eiga erfitt með tillugsunina að leiðrétta þurfi kjör þeirra stétta sérstaklega. Slík afstaða er til þess fallin að viðhalda rótgrónu misrétti. Það er kominn tími til að standa saman að því að stöðva kerfisbundið vanmat á virði kvennastétta á Íslandi og telur félagið Femínísk fjármál að sú aðferð og þær tillögur að framkvæmd sem lagðar eru til af starfshóp forsætisráðherra í skýrslunni *Verðmætamati kvennastarfa* séu vel til þess fallnar. Það er brýnt að þær tillögur nái fram að ganga. Félagið leggur áherslu á að fjármagn fylgi verkefnunum til að hægt sé að fara af stað í þessa vegferð af fullum krafti og stíga langþráð skref í átt til jafnréttis.

Virðingarfyllst f.h. félagsins Femínísk fjármál,

Finnborg S. Steinþórsdóttir
Freyja Barkardóttir
Sigríður Finnbogadóttir
Steinunn Bragadóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir